

Hlustunarskilningur

Kennari/foreldri les efri setninguna og spyr síðan spurninguna fyrir neðan

Nemandi svarar spurningunni.

Þetta verkefni er hugsað til þess að efla hlustunarskilning og að auki eru skemmtilegar staðreyndir sem nemendur hafa gagn af.

Það er einnig hægt að nýta spjöldin í spurningarkeppni milli nemanda

Kameldýr hefur tvo
hnúða á bakinu.

Hvað hefur kameldýr
marga hnúða á bakinu?

Afkvæmi katta
heita kettlingar.

Hvað heita
afkvæmi katta?

London er
höfuðborg Bretlands

Hvaða borg er höfuðborg
Bretlands?

Afkvæmi hunda
heita hvolpar.

Hvað heita
afkvæmi hunda?

Strætisvagnar eru
gulir

Hvernig eru
strætisvagnar á litinn?

Aðalbýflugan í
býflugnabúi kallast
drottning

Hvað kallast aðalbýflugan
í býflugnabúi?

Skyr er búið til úr
mjólk

Úr hverju er skyr búið til?

Afkvæmi hestsins
heitir folald.

Hvað heitir afkvæmi
hestsins?

Hárin framan í
kettinum kallast
veiðihár.

Hvað kallast hárin
framan í kettinum?

17. júní er
þjóðhátíðardagur
Íslendinga

Hvenær er
þjóðhátíðardagur
Íslendinga?

Legókubbar eru
úr plasti

Úr hverju eru
legókubbar?

Fílar hafa rana.

Hvaða dýr hafa rana?

Sítrónur eru súrar
á bragðið.

Hvernig bragðast
sítrónur?

Forseti Íslands býr
á Bessastöðum

Hvar býr forseti Íslands?

Strumparnir eru
bláir á litinn.

Hvernig eru
strumparnir á litinn?

Ljónið er stundum
kallað
konungur dýranna

Hvaða dýr er stundum
kallað
konungur dýranna?

Afkvæmi svínanna
kallast grísir.

Hvað kallast
afkvæmi svínanna?

Hallgrímskirkja
er hæsta bygging
á Íslandi

Hver er hæsta bygging
á Íslandi?

Kaupmannahöfn
er höfuðborg
Danmerkur

Hvaða borg er
höfuðborg Danmerkur?

Í gamla daga
borðaði fólk úr aski

Úr hverju borðaði fólk
í gamla daga?

Það eru sjö dagar
í einni viku.

Hvað eru margir
dagar í einni viku?

Ánamaðkar hafa
engin augu

Hvað hafa ánamaðkar
mörg augu?

Hjartað dælir blóði
um allan líkamann

Hverju dælir hjartað um
allan líkamann?

Höfuðborg Noregs
heitir Osló

Hvað heitir
höfuðborg Noregs?

Heimaey er
stærsta eyja
Vestmannaeyja

Hvað heitir stærsta
eyja Vestmannaeyja?

Húðin er stærsta
líffæri líkamans.

Hvað er stærsta líffæri
líkamans?

Búrhvalur er með
stærsta heila
allra dýra

Hvaða dýr er með
stærsta heilann?

Eiffelturninn
er í París

Í hvaða borg er
Eiffelturninn?

Fiskar anda með
tálknum.

Með hverju anda fiskar?

Könguló hefur
átta fætur.

Hvað hefur könguló
margar fætur?

Minnsta beinið
í líkamanum er
í eyranu.

Hvar í líkamanum er
minnsta beinið?

Minnstu æðar
líkamans heita
háræðar.

Hvað heita minnstu
æðar líkamans?

Sahara er stærsta
eyðimörk jarðar.

Hver er stærsta eyðimörk
jarðar?

Jörðin er
reikistjarna.

Hvað er jörðin?

Górilla er
stærsti mannapinn.

Hver er stærsti
mannapinn?

Leðurblökur
vaka helst á
nætturnar.

Hvenær vaka
leðurblökur helst?

Júpiter er stærsta
reikistjarnan í
sólkerfinu.

Hver er stærsta
reikistjarnan í
sólkerfinu okkar?

Það eru 206 bein
í mannlíkamanum.

Hversu mörg bein eru í
mannlíkamanum?

Frelsisstyttan er
í New York.

Hvar er frelsisstyttan?

Fyrsti
forseti Íslands
hét Sveinn Björnsson

Hvað hét fyrsti
forseti Íslands?